

**19. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,  
16. september 2016  
og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður,  
Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður og Elfar Steinn Karlsson (ESK)  
embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson, -

**Dagskrá:**

**1. Umsókn um byggingarleyfi, stækkun á H3. - 1608037**

*Erindi frá Sigurði Péturssyni f.h. Arctic Smolt hf. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við hús H3 í Norður-Botni, Tálknafirði. Heildarstækkun nemur 1260m<sup>2</sup>. Erindinu fylgja upprættir unnir af Vigfúsi Halldórssyni og MTráðgjöf.*

*Byggingaráformin eru í samræmi við nýsamþykka grenndarkynningu. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.*

*Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi undir afgreiðslu málsins.*

**2. Umsókn um byggingarleyfi - Bæjarvík - 1608036**

*Erindi frá Jóni G. Magnússyni f.h. Bæjarvíkur ehf. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir 12 fiskeldiskerjum við seiðaeldisstöð fyrirtækisins að Eysteinseyrum/Laxeldi landnr. 189788. Einnig er sótt um byggingarleyfi fyrir 300 m<sup>2</sup> stálgrindar þjónustuhúsi sem hýsa á lager, verkstæði, varaafli og tæknibúnað sem tilheyrir seiðaeldinu. Hluti nýju eldiskerjanna verða reist á sama stað og hluti eldri kerja seiðaeldisstöðvarinnar stóð á, óskað er eftir niðurfellingu á matshlutum 02, 03, 04, 05, 06 og 07. Erindinu fylgja upprættir unnir af Hugsjón, dags. 29.08.2016.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.**

19. fundur  
13. október 2016

---

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Lilja Magnúsdóttir (LI)

---

Elfar Steinn Karlsson (ESK)

---

---